

# 47. stjórnarfundur Bergrisans bs.

30.11.2022

Staðsetning: Fjarfundur á Teams

Fundur hófst klukkan 08:10

## Mætt:

Fjóra Steindóra Kristinsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Anton Kári Halldórsson, Ingibjörg Garðarsdóttir, Heiða Ösp Kristjánsdóttir, Svava Davíðsdóttir, Íris Ellertsdóttir og Melkorka Jónsdóttir.

Íris Ellertsdóttir ritaði fundargerð.

## 1. Fundargerðir þjónusturáðs nr. 157-161

### Samráðshópur í málefnum fatlaðs fólks

Þjónusturáð leggur til að félagsþjónustusvæðin útfæri hvert um sig samsetningu samráðshóps í málefnum fatlaðs fólks hvers sveitarfélags eða samstarf þeirra innan félagsþjónustusvæðis.

### Fagteymi Bergrisans

Þjónusturáð samþykkir að fulltrúar fagteymis hafi varamenn sem sækji fundi í þeirra stað komi til forfalla.

Lagt er til vegna fyrirhugaðra skipulagsbreytinga hjá Árnesþingi að fjölgað verði í fagteymi um tvo ráðgjafa. Með því móti verður einn fulltrúi frá hverju velferðarþjónustusvæði, þ.e. Hveragerði, Ölfus, Uppsveitir og Flói.

Stjórn Samþykktir samhljóða fundargerðir og tillögur þjónusturáðs

## 2. Aðgerðaráætlun vegna stjórnarsýslu- og rekstrarúttektar

Fyrir liggur stjórnarsýslu- og rekstrarúttekt á Bergrisanum. Í skýrslu HLH ráðgjafar vegna úttektarinnar eru lagaðar fram tillögur að breytingum. Á næstu vikum verður farið í að forgangsraða og yfirfara þær tillögur og munu þessar tillögur og breytingar innan þjónustusvæðisins kalla á breytingar á samþykktum Bergrisans bs.

Stjórn felur verkefnastjóra Bergrisans bs. framkvæmd verkefisins

Fundi slitið klukkan 09:00

